

Launaútreikningur – upplýsingar um Þorgerði og Þorlák, vinnublað

1. Þorgerður var að byrja að vinna hjá Bílaviðgerðum sf. Njáll er eigandi fyrirtækisins og hefur starfað einn um áratugabil. Nú þarf Njáll að fara að reikna út laun Þorgerðar. Hjálpaðu honum að útbúa launaseðil. Notaðu auðan launaseðil og fylltu inn. Kjörið er að vinna þetta verkefni í töflureikni (excel).

- Þorgerður er með **592.000 kr.** í mánaðarlaun og með 18 yfirvinnutíma í mánuðinum.
- Yfirvinnukaup er yfirleitt 1% af heildarlaunum. Hún er með 5.920 kr. í yfirvinnukaup á tímann.
- Reiknað er **10,17%** í orlof af mánaðarlaunum með yfirvinnu.
- Lífeyrissjóður er 4% af heildarlaunum.
- Stéttarfélagsgjald er **1%** af heildarlaununum.
- Til að reikna út skattinn þarf fyrst að draga lífeyrissjóðinn af heildarlaununum og síðan taka **31,48%** af upphæð launanna að kr. 446.136 kr. (þrep1) og **37,98%** af upphæð launanna sem er umfram það (þrep2).
- Persónuafslátturinn er **64.926 kr.** og dregst frá.
- Síðan er lífeyrissjóður, stéttarfélagsgjald og skatturinn lagður saman.
- Þá er sú upphæð dregin frá heildarlaununum og útkoman er útborguð laun. Reiknaðu út hvað hún fær útborgað og notaðu auðan launaseðil til að fylla inn. Nýttu sömu upplýsingar sem gefnar eru hér fyrir neðan fyrir Þorlák.

2. Þorlákur er með aðeins lengri starfsreynslu og er með 616.000 kr. í mánaðarlaun þar sem hann vinnur. Yfirvinnukaupið hans er 1% af heildarlaunum, eða 6.160.

Skattþrepin eru þrjú:

- **1. þrep:** laun frá 0 - 446.136 kr. á mánuði, skattur 31,48%.
- **2. þrep:** laun á bilinu 446.137 – 1.252.501 kr. á mánuði, skattur 37,98%.
- **3. þrep:** laun yfir 1.252.501 kr. á mánuði, skattur 46,28%.

Árið 2024 er persónuafslátturinn 64.926 kr. á mánuði, eða 779.112 kr. yfir árið